



Fjaraskiptastofa

**Ákvörðun nr. 2/2026 um endurskoðun á útnefningu
fjaraskiptafyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk
og kvöðum á tilteknum landfræðilegum mörkuðum á
heildsölumarkaði fyrir staðaraðgang með fasttengingu
(markaður 1, áður markaður 3a)**

(mál nr. 2025030006)

23. júní 2026

Innihald

1.	Inngangur.....	4
2.	Ákvörðun FST nr. 5/2024	7
2.1.	Landfræðileg greining á markaði 3a	7
2.1.1.	Svæði A – Líkleg samkeppni.....	8
2.1.2.	Svæði B - Míla með háa markaðshlutdeild	9
2.1.3.	Svæði C – Tengir með háa markaðshlutdeild	9
2.1.4.	Sveitarfélög sem ekki flokkast í svæði A, B eða C	9
2.2.	Niðurstaða FST um mat á umtalsverðum markaðsstyrk á markaði 3a	10
3.	Kaup á ljósleiðaranetum.....	12
3.1.	Míla	12
3.1.1.	Eyja- og Miklaholtshreppur	13
3.1.2.	Vestmannaeyjabær	14
3.2.	Tengir.....	15
3.2.1.	Langanesbyggð	15
4.	Breytingar á markaðshlutdeild	16
4.1.	Fjallabyggð.....	16
4.2.	Sveitarfélagið Vogar.....	17
5.	Sameiningar sveitarfélaga	18
5.1.	Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð	18
5.1.1.	Tálknafjarðarhreppur.....	19
5.1.2.	Vesturbyggð	20
5.1.3.	Sameinað sveitarfélag.....	20
5.2.	Húnabyggð og Skagabyggð	21
5.2.1.	Húnabyggð	22
5.2.2.	Skagabyggð	23
5.2.3.	Sameinað sveitarfélag.....	23
5.3.	Borgarbyggð og Skorradalshreppur	24
5.3.1.	Borgarbyggð.....	25
5.3.2.	Skorradalshreppur	26
5.3.3.	Sameinað sveitarfélag.....	26
6.	Álagning og niðurfelling kvaða á Mílu á markaði 3a	28

7. Gildistaka og niðurfelling á kvöðum á Mílu á markaði 3a	34
<i>Ákvörðunarorð</i>	35

1. Inngangur

(1) Vísað er til ákvörðunar Fjarskiptastofu (FST) nr. 5/2024, dags. 14. maí 2024, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir staðaraðgang með fasttengingu (markaður 3a) og miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur (markaður 3b).¹

(2) Í þeirri ákvörðun aðgreindi FST í fyrsta skipti á þessum mörkuðum landfræðilega markaði, þ.e. 38 á markaði 3a og 43 á markaði 3b. Var það gert í kjölfar ítarlegrar landfræðilegrar greiningar á umræddum heildsölumörkuðum og tengdum smásölumarkaði, þar sem 64 sveitarfélög landsins á þeim tíma voru þær landfræðilegu einingar sem gengið var út frá.² Sveitarfélög þar sem samkeppnisaðstæður þóttu svipaðar voru flokkuð saman, en þó var töluerður fjöldi sveitarfélaga sem ekki féll að slíkri flokkun sem voru því greind stök.

(3) Markaður 3a samanstendur af aðgangi að kopar- og ljósleiðaraheimtaugum, en markaður 3b af miðlægum aðgangi, þ.e. bitastraumsaðgangi, um kopar- og ljósleiðaraheimtaugar og sérstaka farnetsbeina.

(4) Í stað þess að Míla væri með umtalsverðan markaðsstyrk á landinu öllu á umræddum mörkuðum, eins og í fyrri greiningu, varð niðurstaðan sú að félagið væri aðeins í slíkri stöðu í 26 sveitarfélögum á markaði 3a og í 31 sveitarfélagi á markaði 3b. Tengir var svo metið í slíkri stöðu í 8 sveitarfélögum á markaði 3a, Ljósleiðarinn í 1 sveitarfélagi á báðum mörkuðum og Austurljós í 1 sveitarfélagi á markaði 3b. Niðurstaðan var því sú að virk samkeppni þótti komin á í sveitarfélögum þar sem um 80% landsmanna búa á báðum mörkuðum. Auk framangreinds voru þær kvaðir sem lagðar voru á viðkomandi aðila, þ.m.t. Mílu, nú mun umfangsminni en giltu áður.

(5) Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gerði ekki efnislegar athugasemdir við markaðsgreininguna en hvatti FST til að fylgjast náið með þróun á viðkomandi mörkuðum með það fyrir augum að aflétta kvöðum þar sem það ætti við.

(6) FST skal fylgjast með markaðsþróun eins og fram kemur í 7. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga, en þar segir:

„Fjarskiptastofa skal fylgjast með markaðsþróun, svo sem í tengslum við viðskiptasamninga, þ.m.t. samninga um sameiginlegar fjárfestingar, sem hafa áhrif á samkeppnishæfni, með tilliti til kvaða á markaðnum. Ef þessi þróun er ekki nægilega mikilvæg til að þörf sé á annarri markaðsgreiningu skal Fjarskiptastofa meta án tafar hvort nauðsynlegt sé að endurskoða kvaðir sem lagðar hafa verið á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk og breyta fyrri ákvörðunum, þ.m.t.

¹ Eftir að ákvörðun þessi leit dagsins ljós endurskoðaði Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tilmæli sín um viðkomandi markaði eða þann 9. apríl 2025, til samræmis við sambærileg tilmæli framkvæmdastjórnar ESB frá 18. desember 2020. Fyrirum markaður 3a er nú orðinn markaður 1 í þeim tilmælum, en markað 3b er ekki lengur að finna í tilmælunum. Því þarf að framkvæma þriggja skilyrða prófið þegar markaður 3b verður næst greindur eða endurskoðaður. <https://www.eftasurv.int/newsroom/updates/esa-updates-recommendation-relevant-markets-electronic-communication-sector>.

² Frá því að umrædd ákvörðun var tekin hefur sveitarfélögum landsins fækkað í 61 vegna þriggja sameininga sveitarfélaga.

með því að afturkalla kvaðir eða leggja nýjar kvaðir á til að tryggja að slíkar kvaðir uppfylli áfram skilyrði 5. mgr. Slíkar breytingar skulu aðeins gerðar að loknu samráði í samræmi við 24. og 28. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021.“

(7) Þá kemur eftirfarandi fram í 49. gr. reglugerðar nr. 556/2023 um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta, um breytingar á kvöðum án nýrrar markaðsgreiningar:

„Álagning eða breyting á kvöðum krefst ekki fullrar markaðsgreiningar heldur aðeins fullnægjandi rökstuðnings fyrir því að umrædd kvöð sé viðeigandi og í samræmi við eðli samkeppnisvandans sem greindur er á viðkomandi markaði og tengdum smásölumarkaði. Það sama á við um afnám kvaðar.

Heimild til endurskoðunar á kvöðum á gildistíma markaðsgreininga gerir Fjarskiptastofu kleift að taka tillit til áhrifa nýrrar þróunar á samkeppni og veitir nauðsynlegan sveigjanleika í ljósi langs gildistíma markaðsgreininga. Slík þróun getur verið í formi nýgerðra frjálsra samninga milli fjarskiptafyrirtækja, s.s. aðgangs- og samfjárfestingarsamninga, eða þegar slíkum samningum er sagt upp eða þeir hafa önnur áhrif en ráð var fyrir gert í markaðsgreiningu eða fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk gerist brotlegt við fjarskiptalög eða kvaðir. Hafi kvaðir verið felldar niður á viðkomandi markaði vegna framangreindra samninga, sem síðar er sagt upp, getur það kallað á nýja markaðsgreiningu. Endurskoðun á kvöðum kallar þó á innanlandssamráð og samráð við ESA og fjarskiptaeftirlitsstofnanir á EES-svæðinu.“

(8) Frá því að framangreind ákvörðun FST leit dagsins ljós fyrir minna en tveimur árum síðan hafa orðið breytingar á nokkrum landfræðilegum mörkuðum á markaði 3a (nú markaður 1), sem kalla að mati FST á breytingar á útnefningu Mílu með umtalsverðan markaðsstyrk, bæði þannig að rétt þykir að kveða á um að Míla sé nú í slíkri stöðu í sveitarfélögum þar sem sú var ekki raunin í framangreindri ákvörðun, sem og að Míla sé ekki lengur í slíkri stöðu í tilteknum sveitarfélögum lengur.

(9) Framangreind ákvæði 7. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga og 49. gr. reglugerðar um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta kveða á um að FST geti gert breytingar á kvöðum, þ.m.t. lagt slíkar kvaðir á eða felld brott, án þess að framkvæma fullburða markaðsgreiningu að nýju. Ljóst er að þær breytingar sem FST hyggst nú gera á markaðsgreiningunni á tilteknum landfræðilegum mörkuðum málsins á markaði 3a, eru umfangsmeiri en svo að þær varði aðeins breytingu á kvöðum. FST hyggst breyta útnefningu á umtalsverðum markaðsstyrk á Mílu í tilteknum sveitarfélögum, sem mun ýmist leiða til þess að kvaðir verði lagðar á félagið í sumum þeirra en afnumdar í öðrum.

(10) Við endurskoðun á markaðsgreiningu þeirri sem lauk með framangreindri ákvörðun FST nr. 5/2024 hyggst FST því, auk ofangreindra ákvæða, styðjast við almenn ákvæði 43.-46. gr. fjarskiptalaga um skilgreiningu markaða, framkvæmd markaðsgreiningar, umtalsverðan markaðsstyrk og kvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk, sem og 48. gr. framangreindrar reglugerðar um endurskoðun markaðsgreininga, sér í lagi 7. mgr. þeirrar greinar. Í síðastgreindu ákvæðinu kemur fram að ákvarðanir sem FST tekur í kjölfar markaðsgreiningar, þ.m.t. kvaðir, skuli gilda þar til stofnunin hefur endurtekið greiningu á viðkomandi markaði og tekið nýja ákvörðun í kjölfar nýrrar markaðsgreiningar.

(11) Þar sem stutt er um liðið frá því að framangreindri markaðsgreiningu lauk í maí 2024, og takmarkaðar breytingar hafa orðið á flestum þeim þáttum sem hún er byggð á, fyrir utan breytingar á tilteknum landfræðilegum mörkuðum, verður að teljast óþarft að ráðast í heildstæða, ítarlega og tímafreka greiningu á þessum tímapunkti.³ Því verða aðeins gerðar breytingar á kafla 3.1 í *ákvörðun FST nr. 5/2024* og tilteknum undirköflum í viðauka A við ákvörðunina, þ.e. kafla 6 er varðar mat á umtalsverðum markaðsstyrk, kafla 8 er varðar álagningu kvaða á Mílu á markaði 3a og á lokakaflanum, eða kafla 14, sem fjallar um gildistöku og niðurfellingu kvaða.

(12) Ekkert verður hins vegar hróflað við öðrum köflum umræddrar *ákvörðunar FST nr. 5/2024*, né í viðauka A, þ.e. kafla 1 sem hefur að geyma inngang, kafla 2 er hefur að geyma almenna skilgreiningu viðkomandi þjónustumarkaða, kafla 3 er varðar samkeppnisaðstæður á smásölumarkaði, kafla 4 er varðar skilgreiningu viðkomandi þjónustumarkaða, kafla 5 er varðar landfræðilega skilgreiningu markaða, kafla 7 er varðar samkeppnisvandamál, hrein heildsölufyrirtæki og almennt um álagningu kvaða eða kafla 9-13 er varða kvaðir á Mílu á markaði 3b eða kvaðir á önnur fyrirtæki en Mílu á mörkuðum 3a eða 3b.

(13) FST hyggst ekki endurskoða *ákvörðun FST nr. 5/2024* að því er varðar miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur (markaður 3b) að svo stöddu.

(14) Í janúar 2025 kallaði FST eftir uppfærslu á tölum um tengingar í fastanetinu í lok árs 2024. Þá hefur FST kallað eftir gögnum um tengingar í straumfædda netbeina sem byggja á 4G/4,5G og 5G og lágu þær fyrir í október sl. FST hefur uppfært útreikninga á markaðshlutdeildum í samræmi við upplýsingar um fjölda tenginga á öllum landfræðilegum mörkuðum. Einungis tvær marktækar mælingar eru til um bitastraumstengingar um farnetsbeina, þ.e. frá apríl 2023 og október 2025. Þessar mælingar eru notaðar til að reikna fjölda tenginga í lok árs 2023 og 2024 miðað við línulega þróun í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

(15) FST óskaði einnig eftir upplýsingum frá helstu markaðsaðilum um kaup á ljósleiðaranetum og ljósleiðaraútbreiðslu á markaði 3a í ágúst 2025 og bárust þessar upplýsingar stofnuninni í september sl. Þá hafa nokkur sveitarfélög sameinast frá því að ákvörðunin leit dagsins ljós í maí 2024, auk þess sem breytingar hafa orðið í markaðshlutdeild í tilteknum sveitarfélögum sem eru á annan veg en FST spáði fyrir um í *ákvörðun nr. 5/2024*. FST hefur yfirfarið upplýsingar frá helstu markaðsaðilum varðandi kaup eða fyrirhuguð kaup á staðbundnum ljósleiðaranetum, framangreindar sameiningar sveitarfélaga og breytingum í markaðshlutdeildum og metið áhrif þess á markaðinn.

(16) Komið hefur í ljós að breytingar hafa orðið á tilteknum landfræðilegum mörkuðum á markaði 3a sem kalla á að FST yfirfari stöðuna á tilteknum landfræðilegum mörkuðum sem skilgreindir voru í ákvörðuninni frá 2024.

(17) Eins og áður segir eru breytingarnar á umræddum svæðum á markaði 3a ekki af þeim toga að ástæða sé til að endurskoða markaðsgreiningu FST í heild sinni enda ekki liðinn langur

³ Eins og fram kemur í a-lið 7. mgr. 44. gr. fjarskiptalaga er meginreglan að markaðsgreiningar skuli endurskoðaðar að lágmarki innan 5 ára eða innan 6 ára í undantekningartilvikum. Því er ljóst að rúm þrjú ár eru eftir af umræddum 5 árum.

tími frá því að ákvörðun nr. 5/2024 var tekin, heldur nægir að mati FST að endurskoða stöðuna í tilteknum sveitarfélögum eða landfræðilegum mörkuðum.

(18) Frumdrög að ákvörðun FST um endurskoðun á útnefningu aðila með umtalsverðan markaðsstyrk og kvöðum á tilteknum landfræðilegum svæðum á markaði 3a fór í innanlandssamráð sem stóð frá 15. desember 2025 til 19. janúar 2026. Athugasemdir bárust frá Mílu og Ljósleiðaranum. Í viðauka I má finna athugasemdirnar sem bárust og afstöðu FST til þeirra.

(19) Þann 20. maí 2026 voru ákvörðunardrögin voru send Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs, sbr. ákvæði 1. mgr. 28. gr. laga nr. 75/2021, um Fjarskiptastofu. Samráðinu lauk þann 18 júní 2026 án efnislegra athugasemda við ákvörðunina.

(20) Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir þær upplýsingar sem FST hefur aflað frá því að stofnunin tók ákvörðun FST nr. 5/2024 og FST telur að eigi að leiða til breytinga á tilteknum landfræðilegum mörkuðum á markaði 3a. FST skoðaði sérstaklega kaup á ljósleiðaranetum, breytingar á markaðshlutdeild og sameiningu sveitarfélaga.

2. Ákvörðun FST nr. 5/2024

(21) Helstu niðurstöður markaðsgreiningar þeirrar er lauk með framangreindri ákvörðun FST nr. 5/2024, hvað skilgreiningu viðkomandi þjónustumarkaða varðaði, var að þjónustumarkaður fyrir markað 3a samanstæði af aðgangi að efnislegum tengingum í aðgangsnnetum í kopar- og ljósleiðaranetum, ásamt samsvarandi sýndarnetslausnum og að þjónustumarkaður á markaði 3b samanstæði af óefnislegum lausnum sem boðnar væru miðlægt í ljósleiðaranetum, koparnetum sem VDSL búnaður hafi verið tengdur við og farnetslausnum á 4G/4,5G og 5G farnetum (og framtíðar farnetskynslóðum) um straumfædda netbeina á föstum notkunarstað.

(22) Varðandi landfræðilega markaðinn var komist að þeirri niðurstöðu að aðgreina skyldi fjölda landfræðilegra markaða og að sveitarfélög væru þær einingar sem væru best til þess fallnar að mynda útgangspunkt fyrir landfræðilega greiningu.

(23) Varðandi útnefningu á fjarskiptafyrirtækjum með umtalsverðan markaðsstyrk var Mílu metin í þeirri stöðu í fjölmörgum sveitarfélögum á báðum mörkuðum, Tengir í nokkrum á markaði 3a, Ljósleiðarinn í einu sveitarfélagi á báðum mörkuðum og Austurljós í einu á markaði 3b. Hins vegar var samkeppni talin vera virk í fjölmörgum sveitarfélögum á báðum mörkuðum þar sem um 80% íbúa landsins búa. Þá voru þær kvaðir sem lagðar voru á viðkomandi aðila, þ.m.t. Mílu, mun umfangsminni en giltu áður.

2.1. Landfræðileg greining á markaði 3a

(24) Á markaði 3a flokkaði FST sveitarfélögin saman í þrjú svæði, þ.e. A, B og C, í samræmi við tiltekin skilyrði og mynduðu þessi svæði hver sinn landfræðilega markað. Þau sveitarfélög sem þessi skilyrði áttu ekki við stóðu eftir sem einn landfræðilegur markaður hvert sveitarfélag.

(25) Skilyrðum fyrir hvert svæði og þau sveitarfélög sem undir þau falla er tilgreint hér á eftir í köflum 2.1.1 til 2.1.3.

2.1.1. Svæði A – Líkleg samkeppni

(26) FST setti eftirfarandi skilyrði sem uppfylla þurfti svo sveitarfélag teldist falla undir þetta svæði þar sem samkeppni þykir líkleg:

- Samhliða útbreiðsla **2** fastaneta⁴ er meiri en **90%**, **og**
- enginn aðili er með yfir **70%** markaðshlutdeild á heildsölumarkaðinum, **og**
- enginn aðili er með yfir **50%** markaðshlutdeild á smásölumarkaðinum, **og**
- það eru starfandi að minnsta kosti **4** fjarskiptafyrirtæki á smásölumarkaðinum.

eða

- Samhliða útbreiðsla **2** fastaneta⁵ er frá **75%** til og með **90%**, **og**
- enginn aðili er með yfir **65%** markaðshlutdeild á heildsölumarkaðinum, **og**
- enginn aðili er með yfir **50%** markaðshlutdeild á smásölumarkaðinum, **og**
- það eru starfandi að minnsta kosti **4** fjarskiptafyrirtæki á smásölumarkaðinum.

eða

- Samhliða útbreiðsla **2** fastaneta⁶ er frá **60%** til og með **75%**, **og**
- enginn aðili er með yfir **60%** markaðshlutdeild á heildsölumarkaðinum, **og**
- enginn aðili er með yfir **50%** markaðshlutdeild á smásölumarkaðinum, **og**
- það eru starfandi að minnsta kosti **3** fjarskiptafyrirtæki á smásölumarkaðinum.

eða

- Samhliða útbreiðsla **2** fastaneta⁷ er frá **50%** til og með **60%**, **og**
- enginn aðili er með yfir **55%** markaðshlutdeild á heildsölumarkaðinum, **og**
- enginn aðili er með yfir **50%** markaðshlutdeild á smásölumarkaðinum, **og**
- það eru starfandi að minnsta kosti **3** fjarskiptafyrirtæki á smásölumarkaðinum.

(27) Eftirfarandi 8 sveitarfélög féllu undir svæði A:

- Akraneskaupstaður
- Borgarbyggð
- Garðabær
- Hafnarfjarðarkaupstaður
- Hveragerðisbær
- Kópavogsbær
- Mosfellsbær
- Reykjavíkurborg

⁴ Að minnsta kosti annað netið skal vera opið aðgangsnét.

⁵ Að minnsta kosti annað netið skal vera opið aðgangsnét.

⁶ Að minnsta kosti annað netið skal vera opið aðgangsnét.

⁷ Að minnsta kosti annað netið skal vera opið aðgangsnét.

2.1.2. Svæði B - Míla með háa markaðshlutdeild

(28) Á svæði B eru flokkuð saman sveitarfélög þar sem útbreiðsla **samhliða fastaneta er lítil, þ.e. minni en 40%**, markaðshlutdeild Mílu á markaði 3a er hærri en **70%** og á smásölumarkaðinum er eitt fjarskiptafyrirtæki með yfir **50%** markaðshlutdeild.

(29) Eftirfarandi 15 sveitarfélög féllu undir svæði B:

- Fjarðabyggð
- Grundarfjarðarbær
- Húnaþing vestra
- Kaldrananeshreppur
- Langanesbyggð
- Skagabyggð
- Skagafjörður
- Snæfellsbær
- Strandabyggð
- Sveitarfélagið Hornafjörður
- Sveitarfélagið Skagaströnd
- Sveitarfélagið Stykkishólmur
- Tálknafjarðarhreppur
- Vesturbyggð

2.1.3. Svæði C – Tengir með háa markaðshlutdeild

(30) Á svæði C eru flokkuð saman 6 sveitarfélög þar sem markaðshlutdeild Tengis á markaði 3a var meiri en **70%** í lok 2022 og ljósleiðaraútbreiðsla félagsins mikil. Jafnframt er eitt fjarskiptafyrirtæki með yfir **50%** markaðshlutdeild á smásölumarkaðinum í þessum sveitarfélögum.

(31) Eftirfarandi 6 sveitarfélög féllu undir svæði C:

- Dalvíkurbyggð
- Eyjafjarðarsveit
- Grýtubakkahreppur
- Hörgársveit
- Svalbarðsstrandarhreppur
- Þingeyjarsveit

2.1.4. Sveitarfélög sem ekki flokkast í svæði A, B eða C

(32) Önnur sveitarfélög sem ekki féllu undir svæði A, B eða C voru skilgreind sem einn landfræðilegur markaður hvert. Þessi sveitarfélög, 35 talsins, eru:

- Akureyrarbær
- Árneshreppur
- Ásahreppur
- Bláskógabyggð

- Bolungarvíkurkaupstaður
- Dalabyggð
- Eyja- og Miklaholtshreppur
- Fjallabyggð
- Fljótsdalshreppur
- Flóahreppur
- Grindavíkurbær
- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Hrunamannahreppur
- Hvalfjarðarsveit
- Ísafjarðarbær
- Kjósarhreppur
- Múlaþing
- Mýrdalshreppur
- Norðurþing
- Rangárþing eystra
- Rangárþing ytra
- Reykhólahreppur
- Reykjanesbær
- Seltjarnarnesbær
- Skaftárhreppur
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Skorradalshreppur
- Suðurnesjabær
- Súðavíkurhreppur
- Sveitarfélagið Árborg
- Sveitarfélagið Vogar
- Sveitarfélagið Ölfus
- Tjörneshreppur
- Vestmannaeyjabær
- Vopnafjarðarhreppur

2.2. Niðurstaða FST um mat á umtalsverðum markaðsstyrk á markaði 3a

(33) Í eftirfarandi 29 sveitarfélögum mat FST að virk samkeppni væri til staðar eða að það stefndi í virka samkeppni á líftíma greiningarinnar:

- Svæði A
 - Akraneskaupstaður
 - Borgarbyggð
 - Garðabær
 - Hafnarfjarðarkaupstaður
 - Hveragerðisbær
 - Kópavogsbær
 - Mosfellsbær
 - Árneshreppur

- Ásahreppur
- Reykjavíkurborg
- Bolungarvíkurkaupstaður
- Eyja- og Miklaholtshreppur
- Fljótsdalshreppur
- Flóahreppur
- Hrunamannahreppur
- Hvalfjarðarsveit
- Ísafjarðarbær
- Kjósarhreppur
- Mýrdalshreppur
- Rangárþing ytra
- Reykhólahreppur
- Reykjanesbær
- Seltjarnarnesbær
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Skorradalshreppur
- Súðavíkurhreppur
- Sveitarfélagið Árborg
- Tjörneshreppur
- Vestmannaeyjabær

(34) Í eftirfarandi 26 sveitarfélögum taldi FST að Míla væri með umtalsverðan markaðsstyrk:

- Svæði B
 - Fjarðarbyggð
 - Grundafjarðarbær
 - Húnabyggð
 - Húnaþing vestra
 - Kaldrananeshreppur
 - Langanesbyggð
 - Skagabyggð
 - Snæfellsbær
 - Skagafjörður
 - Strandabyggð
 - Sveitarfélagið Hornafjörður
 - Sveitarfélagið Skagatrönd
 - Sveitarfélagið Stykkishólmur
 - Vesturbyggð
- Bláskógabyggð
- Dalabyggð
- Fjallabyggð
- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Grindavíkurbær
- Múlaping
- Norðurþing

- Rangárþing eystra
- Skaftárhreppur
- Suðurnesjabær
- Sveitarfélagið Vogar
- Tálknafjarðarhreppur

(35) Í eftirfarandi 8 sveitarfélögum taldi FST að Tengir væri með umtalsverðan markaðsstyrk:

- Svæði C
 - Dalvíkurbyggð
 - Eyjafjarðarsveit
 - Grýtubakkahreppur
 - Hörgársveit
 - Svalbarðsstrandarhreppur
 - Þingeyjarsveit
- Akureyrarbær
- Vopnafjarðarhreppur

(36) Í eftirfarandi sveitarfélagi taldi FST að Ljósleiðarinn væri með umtalsverðan markaðsstyrk:

- Sveitarfélagið Ölfus

3. Kaup á ljósleiðaranetum

(37) Vegna þessarar endurskoðunar sendi FST fyrirspurn til Austurljóss, Ljósleiðarans, Mílu, Snerpu og Tengis varðandi kaup eða fyrirhuguð kaup á staðbundnum ljósleiðaranetum sem og fyrirhugaða útbreiðslu fyrirtækjanna. Allir þessir aðilar, nema Snerpa, voru tilgreindir í markaðsráðandi stöðu í einu eða fleiri sveitarfélögum á markaði 3a eða 3b.

(38) Eingöngu Míla og Tengir hafa keypt staðbundin net sem hafa áhrif á niðurstöðu í ákvörðun FST nr. 5/2024 og mun FST fjalla um það hér að neðan. Hvað varðar áform um kaup þá njóta þau trúnaðar en FST hefur metið það svo að slík áform hafi ekki áhrif á niðurstöðu FST að svo stöddu.

3.1. Míla


(39) Míla hefur keypt ljósleiðaranet í eftirtöldum sveitarfélögum á árunum 2024 og 2025:

- Skaftárljós í Skaftárhreppi
- Helgafellssveit í Sveitarfélaginu Stykkishólmi
- Eyja- og Miklaholtshreppi
- Dalaveitur í Dalabyggð
- Vesturbyggð (að hluta)
- Eygló í Vestmannaeyjum

(40) Í Dalabyggð, Skaftárhreppi, Sveitarfélaginu Stykkishólmi og Vesturbyggð eru þegar til staðar kvaðir á Mílu, en FST telur ekki nauðsynlegt að breyta þeim kvöðum í kjölfar kaupa Mílu á netunum kennd við Helgafellssveit, Dalaveitur, Skaftárljós og Vesturbyggð, þó Míla muni styrkja stöðu sína í þessum sveitarfélögum.

3.1.1. Eyja- og Miklaholtshreppur

Mynd 3.1 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla í Eyja- og Miklaholtshrepp⁸




(41) Eftir kaup Mílu á neti Eyja- og Miklaholtshrepps á árinu 2024 er fyrirtækið komið með 100% markaðshlutdeild á markaði 3a í sveitarfélaginu og staðan í sveitarfélaginu fellur nú undir þau skilyrði sem ákvörðuð voru fyrir Svæði B í markaðsgreiningu FST þar sem Míla var tilgreind í markaðsráðandi stöðu. Ljósleiðaranet Eyja- og Miklaholtshrepps var á sínum tíma lagt fyrir styrk opinberra aðila og telur FST engar líkur á því að annar netrekandi fari að leggja ljósleiðaranet í sveitarfélaginu í samkeppni við ljósleiðaranet Mílu í sveitarfélaginu, enda sveitarfélagið með þeim fámennari á landinu og mjög dreifbýlt. Í því ljósi og með tilvísun í kafla 6.2.3 í Viðauka A við ákvörðun FST nr. 5/2024 telur FST að Míla sé nú markaðsráðandi í sveitarfélaginu og nauðsynlegt að leggja viðeigandi kvaðir á Mílu á markaði 3a í Eyja- og Miklaholtshreppi.

⁸ Einungis tvær marktækar mælingar eru til um bitastraumstengingar um farnetsbeina, þ.e. frá apríl 2023 og október 2025. Þessar mælingar eru notaðar til að reikna fjölda tenginga í lok árs 2023 og 2024 miðað við línulega þróun í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Fyrir fjölda farnetstenginga í lok árs 2022 er hins vegar stuðst við mælinguna sem gerð var í apríl 2023.

3.1.2. Vestmannaeyjabær

Mynd 3.2 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla í Vestmannaeyjabæ




(42) Eftir kaup Mílu á neti Eyglóar fyrr á árinu 2025 er fyrirtækið komið með 100% markaðshlutdeild á markaði 3a í sveitarfélaginu og staðan í sveitarfélaginu fellur nú undir þau skilyrði sem ákvörðuð voru fyrir Svæði B í markaðsgreiningu FST þar sem Míla var tilgreind í markaðsráðandi stöðu. Rétt er að taka fram að mynd 3.2 miðar við stöðuna í lok 2024 en kaup Mílu áttu sér stað á árinu 2025. Þar sem Míla er nú eini eigandi kopars- og ljósleiðaranets í Vestmannaeyjum er Míla með 100% markaðshlutdeild í stað 61% eins og myndin sýnir, auk þess er ekki lengur um nein samhliða fastanet að ræða. Í því ljósi og með tilvísun í kafla 6.2.3 í Viðauka A við ákvörðun FST nr. 5/2024 telur FST að Míla sé í markaðsráðandi stöðu og því nauðsynlegt að leggja viðeigandi kvaðir á Mílu á markaði 3a í Vestmannaeyjabæ.

3.2. Tengir

3.2.1. Langanesbyggð

Mynd 3.3 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla í Langanesbyggð



(43) Í ákvörðun FST nr. 5/2024 var Míla útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk í Langanesbyggð, bæði á mörkuðum 3a og 3b, og viðeigandi kvaðir lagðar á félagið.


(44) Tengir hefur keypt ljósleiðaranet Fjarskiptafélags Svalbarðshrepps en hefur enn ekki fengið yfirráð yfir netinu og fær það ekki fyrr en á fyrsta ársfjórðungi 2027. Míla hefur verið með ljósleiðaranet Fjarskiptafélags Svalbarðshrepps á leigu og hafa útleigðar heimtaugar Fjarskiptafélags Svalbarðshrepps ekki verið aðgreindar hjá Mílu í gagnaskilum þar sem um langtímaleigu var að ræða (10 ár). Eftir að ljóst var að Tengir hefði keypt netið óskaði FST eftir því að Míla aðgreindi þessar heimtaugar frá sínum í gagnaskilum og það er því ekki fyrr en í tölum fyrir lok 2024 sem hlutdeild Fjarskiptafélags Svalbarðshrepps kemur fram í gögnum FST. Eðlilegt er að taka tillit til aðgangs með langtímaleigu þegar verið er að meta markaðshlutdeild og mun Míla njóta góðs af þessari leigu næstu mánuði. Þegar leigusamningur Mílu rennur út fyrrihluta árs 2027 og Tengir fær yfirráð yfir netinu er ljóst að hlutdeild Tengis mun aukast töluvert. Þá hefur markaðshlutdeild Tengis verið að aukast, sérstaklega á árinu 2024. Þegar horft er til eignarhalds en ekki yfirráða, var markaðshlutdeild Mílu komin niður í 51% í árslok 2024. Búast má við áframhaldandi útbreiðslu Tengis í sveitarfélaginu en óvíst er um hversu hröð hún verður. Í þessu ljósi, og þar sem markaðsgreiningar FST þurfa að horfa til framtíðar,

telur FST ekki lengur vera forsendur til að viðhalda kvöðum á Mílu í sveitarfélaginu og verða þær kvaðir sem hvílt hafa á Mílu á markaði 3a því felldar brott í þessu sveitarfélagi.

4. Breytingar á markaðshlutdeild

4.1. Fjallabyggð

Mynd 4.1 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla í Fjallabyggð




(45) Í ákvörðun FST nr. 5/2024 var Míla útnefnd sem aðili með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 3a í Fjallabyggð og viðeigandi kvaðir voru lagðar á félagið.

(46) Frá þeim tíma hefur orðið sú þróun að Tengir hefur styrkt stöðu sína á markaði 3a í sveitarfélaginu og er nú svo komið að Míla er komin niður í 49% markaðshlutdeild við árslok 2024. Fram til loka 2023 var lítil þróun í útbreiðslu á ljósleiðara hjá bæði Mílu og Tengir en á árinu 2024 jókst útbreiðsla Tengis töluvert og lítilega hjá Mílu. Tengir hyggst halda áfram ljósleiðaraútbreiðslu en óljóst er um áform Mílu um frekari útbreiðslu á svæðinu til lengri tíma. Míla á ljósleiðara inn á báða þéttbýliskjarnana í sveitarfélaginu (Siglufjörð og Ólafsfjörð) og var ljósleiðaraútbreiðsla Mílu til lögheimila og vinnustaða 10% í árslok 2024 en 49% hjá Tengir.

(47) Í þessu ljósi telur FST ekki lengur vera forsendur fyrir því að viðhalda útnefningu á Mílu með umtalsverðan markaðsstyrk í sveitarfélaginu þar sem þar er að mati FST komin á virk samkeppni og verða kvaðir þær sem hvílt hafa á Mílu á markaði 3a því felldar brott í þessu sveitarfélagi.

4.2. Sveitarfélagið Vogar

Mynd 4.2 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla í Sveitarfélaginu Vogum



(48) Í ákvörðun FST nr. 5/2024 var Míla útnefnd sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 3a í Sveitarfélaginu Vogum. Ákvörðunin byggði á stöðunni eins og hún var um mitt ár 2023 og var þá Míla með 95% markaðshlutdeild.

(49) Mikil þróun hefur verið í samhliða útbreiðslu á ljósleiðara frá því að ákvörðunin var tekin og var samhliða útbreiðsla ljósleiðara komin í 63% í árslok 2024. Ljósleiðarinn og Míla fóru í sameiginlega framkvæmd við uppbyggingu ljósleiðara til heimila í sveitarfélaginu, en Míla hafði fyrir þann tíma lagt ljósleiðara til hluta bæjarins og í dreifbýlið við ströndina. Það eru því litlar líkur á því að Ljósleiðarinn muni ná þeirri útbreiðslu sem Míla er með en Míla er með útbreiðslu til 91% lögheimila og vinnustaða meðan útbreiðsla Ljósleiðarans er 65%. [...]. Þar sem Ljósleiðarinn á ljósleiðaranet sem nær til þéttbýlisins í sveitarfélaginu hefur fyrirtækið möguleika á að auka sína útbreiðslu í nýbyggingum í þéttbýlinu, en mikil uppbygging er í sveitarfélaginu og íbúum fjölgar nokkuð ört.

(50) Á sama tíma og ljósleiðaraútbreiðsla Ljósleiðarans í sveitarfélaginu hefur vaxið hefur markaðshlutdeild Mílu farið minnkandi og var komin í 64% í lok 2024. FST telur að þessi þróun sé líkleg til að halda áfram og að samkeppnisprýstingur sé töluverður af ljósleiðaraneti Ljósleiðarans.

(51) Þá er staðan á smásölustiginu í umræddu sveitarfélagi orðin góð á íslenskan mælikvarða. Síminn var með hæstu hlutdeildina eða 41% í árslok 2024, eftir að hafa verið með 65% hlutdeild um mitt ár 2021. Næsti aðili er svo með 28% hlutdeild og önnur tvö félög með á milli 10 og 20% hlutdeild.

(52) Í ljósi þessarar þróunar telur FST ekki lengur vera forsendur fyrir því að viðhalda útnefningu á Mílu með umtalsverðan markaðsstyrk í sveitarfélaginu markaði 3a þar sem þar er komin á virk samkeppni að mati FST og verða kvaðir þær sem hvílt hafa á Mílu á þeim markaði því felldar brott í þessu sveitarfélagi.

5. Sameiningar sveitarfélaga

(53) Í kafla 5.3.2 í Viðauka A við ákvörðun FST nr. 5/2024 kemur eftirfarandi fram:

„Komi til sameiningar sveitarfélaga sem mynda ekki sama landfræðilega markaðinn á líftíma greiningarinnar er FST ekki skylt að skilgreina landfræðilega markaði þeirra sveitarfélaga sem um ræðir upp á nýtt á líftíma greiningarinnar, né framkvæma nýtt SMP mat á nýjum landfræðilegum markaði og útfæra kvaðir á líftíma greiningarinnar. FST telur að mörk sveitarfélaga fyrir mögulega sameiningu séu skýr og auðskiljanleg. Er þetta í samræmi við það sjónarmið sem fram kemur í Kóðanum og í nýjum fjarskiptalögum að mikilvægt sé að markaðsgreiningar og kvaðir séu fyrirsjáanlegar og gildi í nokkuð langan tíma. Leiði möguleg sameining hins vegar til verulegra breytinga á umræddum svæðum áskilur FST sér þó rétt til að framkvæma nýja greiningu á þessum svæðum. Yrði þetta þá gert án þess að framkvæma nýja heildarmarkaðsgreiningu, m.a. með stoð í sjónarmiðum þeim sem fram koma í 7. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga og 32. gr. og 49. gr. reglugerðar um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta.“

(54) Samkvæmt þessu er FST ekki skylt að skilgreina markað sameinaðra sveitarfélaga upp á nýtt. Hins vegar telur FST eðlilegt að skoða núna þá þróun sem átt hefur sér stað hvað þetta varðar og meta áhrif þeirra sameininga sem átt hafa sér stað, þegar á annað borð er verið að endurskoða markaðsgreiningu FST að hluta til. Það einfaldar áframhaldandi gagnasöfnun ef hægt er að kalla eftir gögnum frá fjarskiptafyrirtækjum samkvæmt nýrri skipun sveitarfélaga.

(55) Frá því ákvörðun nr. 5/2024 var tekin hafa þrjár sameiningar átt sér stað. Er fjallað um þær hér á eftir. Tvær hafa formlega tekið gildi, þ.e. annars vegar milli Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og hins vegar milli Húnabyggðar og Skagabyggðar. Sveitarfélögum landsins hefur því fækkað úr 64 í 62 frá því að fyrrgreind ákvörðun FST leit dagsins ljós. Þá hefur sameining Borgarbyggðar og Skorradalshrepps verið samþykkt og tekur hún formlega gildi eftir sveitarstjórnarkosningarnar 16. maí 2026. Þá verða sveitarfélög landsins 61 talsins.


5.1. Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð

(56) Hin aðliggjandi sveitarfélög Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð á sunnanverðum Vestfjörðum sameinuðust formlega þann 19. maí 2024.


5.1.1. Tálknafjarðarhreppur

Mynd 5.1 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla sem ákvörðun FST byggði á


M3a Markaðshlutdeild




Samhliða net og útbreiðsla ljósleiðara




M3b Markaðshlutdeild




M3b markaðshlutdeild með farnetstengingum



Smásöluhlutdeild: Kaup á bitastraum




Kaup á bitastraum og sala á 4G, 4,5G og 5G



(57) Míla var útnefnd sem aðili með umtalsverðan markaðsstyrk, bæði á mörkuðum 3a og 3b.

5.1.2. Vesturbyggð

Mynd 5.2 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla sem ákvörðun FST byggði á




(58) Míla var útnefnd sem aðili með umtalsverðan markaðsstyrk, bæði á mörkuðum 3a og 3b.

5.1.3. Sameinað sveitarfélag

(59) Sameinað sveitarfélag heitir Vesturbyggð.

(60) Á myndinni hér að neðan má sjá stöðuna í hinu sameinaða sveitarfélagi og þróun miðað við samanlagða markaðshlutdeild fyrirtækja í sveitarfélögunum sem voru að sameinast.

Mynd 5.3 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla í Vesturbyggð eftir sameiningu



(61) Míla er áfram með mikinn markaðsstyrk bæði á markaði 3a og 3b og hefur aukið sína markaðshlutdeild á markaði 3a með kaupum á heimtaugum sem áður voru í eigu Vesturbyggðar.


(62) Sameiningin hefur því ekki áhrif á niðurstöðu FST um stöðu Mílu sem fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og þær kvaðir sem hvíla á Mílu á mörkuðum 3a og 3b. Því gilda þær kvaðir áfram á Mílu á þessum mörkuðum í hinu sameinaða sveitarfélagi.

5.2. Húnabyggð og Skagabyggð

(63) Hin aðliggjandi sveitarfélög Húnabyggð og Skagabyggð á Norðvesturlandi sameinuðust formlega þann 21. júní 2024.

5.2.1. Húnabyggð


Mynd 5.4 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla sem ákvörðun FST byggði á



(64) Míla var skilgreind með umtalsverðan markaðsstyrk í Húnabyggð, bæði á mörkuðum 3a og 3b.

5.2.2. Skagabyggð

Mynd 5.5 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla sem ákvörðun FST byggði á



(65) Míla var skilgreind með umtalsverðan markaðsstyrk í Skagabyggð, bæði á mörkuðum 3a og 3b.


5.2.3. Sameinað sveitarfélag

(66) Sameinað sveitarfélag heitir Húnabyggð.

(67) Á myndinni hér að neðan má sjá stöðuna í hinu sameinaða sveitarfélagi og þróunina miðað við samanlagða markaðshlutdeild fyrirtækja í sveitarfélögunum sem voru að sameinast.

Mynd 5.6 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla í Húnabyggð eftir sameiningu


M3a Markaðshlutdeild




Samhliða net og útbreiðsla ljósleiðara




M3b Markaðshlutdeild




M3b markaðshlutdeild með farnetstengingum



Smásöluhlutdeild: Kaup á bitastraum



Kaup á bitastraum og sala á 4G, 4,5G og 5G



(68) Míla er áfram með mikinn markaðsstyrk bæði á markaði 3a og 3b.

(69) Sameiningin hefur því ekki áhrif á niðurstöðu FST um stöðu Mílu sem fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og þær kvaðir sem hvíla á Mílu á mörkuðum 3a og 3b. Því gilda þær kvaðir áfram á Míla á þessum mörkuðum í hinu sameinaða sveitarfélagi.

5.3. Borgarbyggð og Skorradalshreppur


(70) Íbúar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps kusu um sameiningu sveitarfélaganna þann 20. september 2025. Sameiningin var samþykkt í báðum sveitarfélögunum og tók hún formlega gildi eftir sveitarstjórnarkosningar þann 16. maí 2026⁹. Hið sameinaða sveitarfélag ber nafnið Borgarbyggð.

⁹ <https://borgfirdingar.is/spurt-og-svarad/>.


5.3.1. Borgarbyggð

Mynd 5.7 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla sem ákvörðun FST byggði á


M3a Markaðshlutdeild




Samhliða net og útbreiðsla ljósleiðara




M3b Markaðshlutdeild




M3b markaðshlutdeild með farnetstengingum



Smásöluhlutdeild: Kaup á bitaþraum



Kaup á bitaþraum og sala á 4G, 4.5G og 5G




(71) Stærstu eigendur ljósleiðaraneta eru Míla, Ljósleiðarinn og Ljósleiðari Borgarbyggðar sem er í eigu sveitarfélagsins. Nokkuð er um samhliða ljósleiðara í Borgarnesi sem er stærsti þéttbýliskjarninn í sveitarfélaginu.

(72) Borgarbyggð var flokkuð undir svæði A bæði á markaði 3a og 3b. FST mat það svo að virk samkeppni væri til staðar í sveitarfélaginu á báðum mörkuðum.

5.3.2. Skorradalshreppur

Mynd 5.8 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla sem ákvörðun FST byggði á




(73) Stærsti eigandi ljósleiðaranets í sveitarfélaginu er Ljós punktur sem er í eigu sveitarfélagsins. Á markaði 3b gætti mikilla áhrifa frá farnetum. Í ákvörðuninni voru allar kvaðir sem hvíldu á Mílu í sveitarfélaginu felldar niður á markaði 3a og 3b og því flokkast þessi markaður sem samkeppnismarkaður.

5.3.3. Sameinað sveitarfélag


(74) Hið nýja sveitarfélag hefur fengið nafnið Borgarbyggð og en var ekki komið með númer þegar greining þessi fór í samráð. Því hefur FST ekki enn þá sameinað gögn frá þessum sveitarfélögum í eina heild. Á eftirfarandi myndum má sjá stöðuna í þessum sveitarfélögum miðað við tölur í lok árs 2024.

Mynd 5.9 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla í Borgarbyggð


M3a Markaðshlutdeild




Samhliða net og útbreiðsla ljósleiðara




M3b Markaðshlutdeild




M3b markaðshlutdeild með farnetstengingum



Smásöluhlutdeild: Kaup á bitastraum




Kaup á bitastraum og sala á 4G, 4.5G og 5G




Mynd 5.10 Markaðshlutdeildir og útbreiðsla í Skorradalshrepp


M3a Markaðshlutdeild




Samhliða net og útbreiðsla ljósleiðara




M3b Markaðshlutdeild




M3b markaðshlutdeild með farnetstengingum



Smásöluhlutdeild: Kaup á bitastraum



Kaup á bitastraum og sala á 4G, 4,5G og 5G



(75) Eins og fram hefur komið eru bæði sveitarfélögin sem eru að sameinast skilgreind sem samkeppnissvæði og telur FST að sameiningin muni ekki breyta því. Heimtaugatengingar Ljós punkts í Skorradalshreppi eru mjög fáar samanborið við heimtaugatengingar í Borgarbyggð eða aðeins 19 tengingar í lok 2024 samanborið við 1.571 í Borgarbyggð sem er eingöngu 1,2% af fjölda tenginga í báðum sveitarfélögunum. Því hafa tengingar í Skorradalshreppi óveruleg áhrif á markaðshlutdeildartölur í sameinuðu sveitarfélagi.

(76) Sameiningin hefur því ekki áhrif á það mat FST að virk samkeppni ríki á þessum svæðum og telur FST ekki ástæðu til að fara í sérstaka markaðsgreiningu á þessum mörkuðum. Því er það mat FST að virk samkeppni muni ríkja í hinu sameinaða sveitarfélagi á mörkuðum 3a og 3b.

6. Álagning og niðurfelling kvaða á Mílu á markaði 3a

6.1. Mat á nauðsyn útnefningu Mílu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk

(77) Eins og fram kemur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 556/2023 um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta er tilgangur markaðsgreininga að leiða í ljós hvort virk samkeppni ríki á fjarskiptamörkuðum. Þegar búið er að skilgreina viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaði og landfræðilega markaði, skal framkvæma mat á samkeppnisaðstæðum á viðkomandi markaði og eftir atvikum útnefna fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á honum, er komið að því að gera grein fyrir samkeppnisvandamálum á viðkomandi markaði. Af öllu framangreindu afloknu ber FST að útfæra kvaðir á viðkomandi fyrirtæki með það fyrir augum að greiða fyrir samkeppni á tengdum smásölumarkaði, neytendum til heilla. Við mótun kvaða ber að horfa til þess að efla skuli samkeppni í fjarskiptum með hagkvæmri fjárfestingu í nýjum

og núverandi fjarskiptainnviðum og eftir atvikum með því að leggja kvaðir þar sem þörf krefur, einkum á heildsölustiginu, með það fyrir augum að ná fram virkri samkeppni á smásölumörkuðum fjarskipta.

(78) Vísað er til þess mats á umtalsverðum markaðsstyrk á markaði 3a sem fram kemur í viðauka A við ákvörðun nr. 5/2024, sbr. kafla 6.2, þar þetta SMP-mat byggist á sama grundvelli og í þeirri ákvörðun. Af framangreindu leiðir að ítrasta tillit er tekið til þeirra níu þátta sem FST taldi mikilvægasta við mat á umtalsverðum markaðsstyrk og eru útlistaðir í 1624 mgr. í viðauka A við ákvörðun FST í máli nr. 5/2024.

(79) Í viðauka A við ákvörðun nr. 5/2024 komst FST að þeirri niðurstöðu að virk samkeppni ríkti, eða myndi koma til með að ríkja, í Eyja- og Miklaholtshreppi og Vestmannaeyjabæ á markaði 3a, sbr. kafla 6.2.11 og 6.2.38. Af þeim sökum var ekkert fyrirtæki á markaði útnefnt með stöðu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og engar kvaðir lagðar á fyrirtæki á markaðinum. Þar sem samkeppnisaðstæður hafa breyst verulega síðan ákvörðunin var tekin 2024 þykir rétt að fjalla um nauðsyn þess að leggja kvaðir á Mílu á umræddum svæðum.

6.1.1. Eyja- og Miklaholtshreppur

(80) Ljósleiðaranet Eyja- og Miklaholtshrepps var í eigu sveitarfélagsins á þeim tíma er ákvörðun 5/2024 var tekin, en netið hafði á sínum tíma verið lagt fyrir ríkisaðstoð. FST taldi ekki fyrirséð að 95% markaðshlutdeild sveitarfélagsins myndi minnka á markaði 3a, en auk þess taldi FST ekki teljandi líkur á að sveitarfélagið myndi misbeita neti sínu gegn hagsmunum neytenda eða heildsöluviðskipta á svæðinu, enda ekki um hagnaðardrifið verkefni að ræða, ólíkt því sem á við um ljósleiðaraútbreiðslu aðila á borð við Mílu, Ljósleiðarann, Tengir og Snerpu.

(81) Í kjölfar birtingar ákvörðunar 5/2024 var net Eyja- og Miklaholtshrepps aftur á móti keypt af Mílu sem nýtur nú 100% markaðshlutdeildar á markaði 3a í Eyja- og Miklaholtshrepp. Hefur því staðan í sveitarfélaginu breyst til muna en Míla er félag sem býr yfir landsdekkandi neti og nýtur því alnándar. Þá telur FST ólíklegt að annað fyrirtæki muni leggja annað ljósleiðaranet í samkeppni við Mílu á líftíma greiningarinnar í þessu fámenna og strjálbýla sveitarfélagi. Einnig skal litið til þess að Síminn hf. nýtur enn sterkrar stöðu á smásölumarkaðinum í sveitarfélaginu, en ein meginástæða þess að FST taldi nauðsynlegt og réttlætanlegt að viðhalda kvöðum á Mílu á nánar tilgreindum landfræðilegum mörkuðum í ákvörðun 5/2024 voru sterk tengsl félagsins við Símann, þrátt fyrir sölu Símans á Mílu, og rík viðskipta- og hagsmunatengsl.¹⁰ Þann 19. mars sl. birti Samkeppniseftirlitið frétt á heimasíðu sinni þar sem fram kom að stjórnvaldssekt hefði verið lögð á Mílu vegna brota á skilyrðum sáttar Mílu og Símans frá 2022. Tíðni og umfang samskipta Mílu og Símans þóttu til þess fallin að takmarka hvata Símans til að kaupa þjónustu frá keppninautum Mílu, umfram það sem kaupskylda Símans samkvæmt heildsölusamningi félaganna kvað á um. Sýnir þetta að mati FST að tengsl félaganna eru enn þá mjög sterk þrátt fyrir sölu Símans á Mílu og framangreinda sátt SE og Mílu frá 2022.

(82) FST telur Mílu nú búa yfir umtalsverðum markaðsstyrk í sveitarfélaginu en slík staða felur í sér að félagið hafi efnahagslegan styrkleika til þess að geta hindrað virka samkeppni. Í kafla 7.5.2. í ákvörðun FST í máli nr. 5/2024 er fjallað um samkeppnisvandamál sem geta

¹⁰ Ákvörðun Fjarskiptastofu í máli nr. 5/2024, mgr. 2620.

komið upp á markaði 3a en þar er tekið fram að ekki er nauðsynlegt að sýna fram á að skaðleg hegðun hafi átt sér stað heldur nægi að hægt sé að benda á líklega hvata og tækifæri til samkeppnishamlandi hegðunar, m.a. vegna formgerðar markaðarins. Vísað er til umfjöllunar í kafla 7.5.2. varðandi þau raunverulegu og mögulegu samkeppnisvandamál sem eiga við á markaði 3a, en að mati FST eiga þau sjónarmið sem þar koma fram fyllilega við í þessu sveitarfélagi eftir framangreind kaup Mílu á umræddu neti.

(83) Af framangreindu leiðir að FST telur nauðsynlegt að leggja kvaðir á Mílu til þess að bregðast við þeim raunverulegu og mögulegu samkeppnisvandamálum sem FST hefur greint á markaðinum.

6.1.2. Vestmannaeyjabær

(84) Á þeim tíma er ákvörðun nr. 5/2024 var tekin hafði EYGLÓ, félag í eigu Vestmannaeyjabæjar, hafið ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu og náði ljósleiðara útbreiðsla þess félags til um 1% lögheimila og vinnustaða í árslok 2022. Eygló áformaði að ljósleiðaravæða öll heimili í sveitarfélaginu fyrir árslok 2024 í þremur áföngum. Þrátt fyrir að Míla hafi verið með 100% markaðshlutdeild á markaði 3b í árslok 2023 taldi FST, með hliðsjón af útbreiðsluáformum EYGLÓ, að virk samkeppni kæmi til með að ríkja í Vestmannaeyjabæ á líftíma greiningarinnar á markaði 3a.

(85) Hins vegar keypti Míla hins vegar net sveitarfélagsins 2025 og nýtur því 100% markaðshlutdeildar. Þar af leiðandi býr Míla yfir umtalsverðum markaðsstyrk í sveitarfélaginu en slík staða felur í sér að félagið hafi efnahagslegan styrkleika til þess að hindra virka samkeppni. Hér skal vísað til fyrri umfjöllunar um samkeppnisvandamál á markaði 3a en FST telur nauðsynlegt að leggja kvaðir á Mílu til þess að bregðast við hinum raunverulegu og mögulegu samkeppnisvandamálum sem FST hefur greint á markaði 3a þar sem félagið býr yfir umtalsverðum markaðsstyrk.

(86) Síminn er í sterkri stöðu á smásölumarkaðinum í Vestmannaeyjabæ, en FST hefur greint áframhaldandi sterk tengsl milli félaganna sem hefur þau áhrif að geta Mílu til þess að haga sér óháð keppinautum, viðskiptavinum og endanotendum eykst. Er því Míla í enn sterkari stöðu en annars.

6.1.3. Rökstuðningur kvaða

(87) Samkvæmt 4. mgr. 30. gr. reglugerðar nr. 556/2023 um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta, sem hefur að geyma nánari útfærslu á ákvæði 4. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022, skulu kvaðir sem lagðar eru á fjarskiptafyrirtæki vera;

a) í samræmi við eðli vandamálsins sem tilgreint er í markaðsgreiningu og vera sniðnar að því að leysa það,

b) gagnsæjar, réttlætanlegar og rökstuddar,

c) í samræmi við þau markmið sem þeim er ætlað að ná, þ.e. að efla samkeppni, stuðla að uppbyggingu nýrra háhraðaneta, standa vörð um hagsmuni neytenda og stuðla að uppbyggingu innri markaðar á EES-svæðinu,

d) réttlætanlegar í ljósi markmiða fjarskiptalaga, þ.e. að tryggja aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk og örugg fjarskipti hér á landi, sem og að auka vernd og valmöguleika neytenda, stuðla að virkri samkeppni, hagkvæmum fjárfestingum og nýsköpun á fjarskiptamarkaði,

e) hóflegar og hafa hliðsjón, þar sem hægt er, af kostnaði og ávinningi, og mega ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná tilætluðum árangri.

(88) Í 29. gr. reglugerðarinnar kemur fram að kvaðir þurfi að vera nauðsynlegar til að leysa tiltekin samkeppnisvandamál. FST þarf m.a. að meta hagkvæmni og eftir atvikum að framkvæma kostnaðar- og ávinningsgreiningu, með hliðsjón af getu tiltekinnar kvaðar til að bregðast við tilgreindu samkeppnisvandamáli.

(89) Með endurskoðun þessari hyggst FST leggja eftirfarandi kvaðir á Mílu á fyrstum markaði 3a í Eyja- og Miklaholtshreppi og Vestmannaeyjabæ, með vísan til 46.-52. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022, að teknu tilliti til nánari lýsinga í *ákvörðun FST nr. 5/2024* og í viðauka A með þeirri ákvörðun.

a. Kvöð um að veita aðgang. Míla skal verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um staðaraðgang á heildsölustigi, að kopar- og ljósleiðaranetum sínum, hvort sem um er að ræða fullan eða skiptan aðgang. Enn fremur skal veita aðgang að tengdri aðstöðu og þjónustu. Lögð er sú kvöð á Mílu að veita skiptan aðgang að PON ljósleiðaraheimtaugum, komi fram málefnaleg, sanngjörn og eðlileg aðgangsbeiðni þar um. Þar sem ekki er mögulegt að veita aðgang að efnislegri heimtaug getur Míla þó kosið að veita sýndarnetsaðgang eða fullnægjandi bitastraumsaðgang samkvæmt aðgangsleið 1. Míla skal þó áfram veita aðgang að ljósleiðaraheimtaugum félagsins sem byggðar hafa verið með opinberum styrkjum. Óski fjarskiptafyrirtæki eftir að fá að setja nýjan streng í rör og lagnaleiðir Mílu á þeim markaði sem hér er til umfjöllunar, sem ekki eru fullnýttar, skal Míla verða við þeirri beiðni, að því gefnu að hún sé eðlileg og sanngjörn. Komi fram málefnaleg beiðni um það frá áhugasömum netrekenda, sem telst eðlileg og sanngjörn, skal Míla útbúa gagnagrunn sem hefur að geyma nákvæmar upplýsingar um legu og ástand röra og lagnaleiða félagsins. Ofangreindur gagnagrunnur skal liggja fyrir eigi síðar en 3 mánuðum eftir að sanngjörn og málefnaleg beiðni hefur komið fram frá netrekenda varðandi slíkan aðgang á tilteknu svæði eða tilteknum svæðum. Míla skal birta lista yfir fyrirhugaðar jarðvegs- og lagnaframkvæmdir með 3 mánaða fyrirvara á þeim svæðum sem félagið telst vera með umtalsverðan markaðsstyrk.

b. Kvöð um jafnræði. Míla skal gæta jafnræðis gagnvart öllum fjarskiptafyrirtækjum sem kaupa staðaraðgang með fastlínu, hvort sem um er að ræða kopar- eða ljósleiðaranet. Kvöðin skal enn fremur gilda varðandi aðgang að rörum og lagnaleiðum, aðstöðuleigu og auglýsingar um ljósleiðaraútbreiðslu. Aðfangajafnræði (EoI) skal vera til staðar, sem og jafnt aðgengi að upplýsingum og jafnir möguleikar til að hafa áhrif á þróun heildsöluvara. Mílu er skylt að gera gæðaviðmiðunar-samninga (SLA) við alla

aðgangskaupendur og gefa út yfirlýsingu um gæðatryggingu (SLG). Míla skal safna saman og birta mánaðarlega tiltekna lykil frammistöðupætti (KPI).

- c. **Eftirlit með gjaldskrá.** Kvöð um réttláta og sanngjarna verðlagningu er lögð á Mílu varðandi heimtaugaleigu Mílu á kopar- og ljósleiðaranetum félagsins í Eyja- og Miklaholtshreppi og Vestmannaeyjabæ. Kvöð um kostnaðarviðmiðaða gjaldskrá varðandi aðstöðuleigu og aðgang að tengdri aðstöðu er lögð á Mílu í þessum sveitarfélögum. Lögð er á Mílu kvöð um eftirlit með gjaldskrá varðandi aðgang að rörum og lagnaleiðum Mílu.

(90) Að mati FST eru kvaðirnar sem lagðar eru á Mílu til þess fallnar að ná fram markmiðum laga um fjarskipti nr. 70/2022 um virka samkeppni og hagkvæm fjarskipti og enn fremur að stuðla að frekari útbreiðslu ljósleiðaraneta hér á landi, auk þess að skapa ávinning fyrir neytendur.

(91) Varðandi **aðgangskvöðina** mat FST hvort aðgangur að mannvirkjum, svo sem aðstöðuleiga og aðgangur að rörum og lagnaleiðum, nægði einn og sér til að leysa greind samkeppnisvandamál, en komst að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. FST telur þó nauðsynlegt að leggja á slíka kvöð ásamt skyldu Míla til að tilkynna fyrirhugaðar ljósleiðaraframkvæmdir með þriggja mánaða fyrirvara. Að mati FST er aðgangskvöðin réttlætanleg, gagnsæja og í samræmi við meðalhóf. Auk þess telur FST aðgangskvöðina til þess fallna að stuðla að fjárfestingu og samkeppni í háhraðanetum en er það sérstaklega mikilvægt á landsbyggðarsvæðum þar sem Míla hefur sérstaklega sterka stöðu og samhliða útbreiðsla er ólíkleg. Án aðgangskvaðarinnar er ólíklegt að samkeppni eða ljósleiðaraútbreiðsla batni á líftíma greiningarinnar.

(92) Varðandi **jafnræðiskvöðina** telur FST að ef kvöðin verði ekki til staðar á umræddum landfræðilegum mörkuðum þá gæti slæm samkeppnistaða versnað enn frekar. Þá telur FST að ávinningur af þessari kvöð sé mun meiri en kostnaður Mílu við að innleiða hana. Jafnræðiskvöðin á að tryggja að öll fjarskiptafyrirtæki sem kaupa eða leigja aðgang að heimtaugum Mílu njóti sambærilegrar þjónustu, verðs og skilmála og þannig sé dregið úr hættu á mismunun. FST telur kvöðina ekki sérstaklega íþyngjandi enda hefur hún þegar gilt um Mílu á stærra svæði samkvæmt fyrri greiningum. Kvöðin er jafnframt ætlað að bregðast við samkeppnisvandamálum tengdum m.a. afgreiðsluhraða, verði og gæðum, sem annars gætu veitt Míla eða tengdum smásöluaðilum samkeppnisforskot.

(93) Einnig ber að líta til þess að Síminn er í sterkri stöðu á smásölumörkuðunum í báðum sveitarfélögunum sem um ræðir en tiltölulega stutt er síðan Míla var seld frá Síminn og varð sjálfstætt fyrirtæki. Við aðskilnaðinn fluttust bæði kerfi, þjónusta og starfsfólk frá Síminn til Míla, sem getur enn haft áhrif á hvata og viðskiptatengsl félaganna. Þótt Míla hafi almennt hvata til að þjónusta fleiri fjarskiptafyrirtæki á smásölustigi til að nýta innviði sína betur, ríkir enn óvissa um hvort hætta sé á mismunun í þágu Símans.

(94) Varðandi **kvöð um eftirlit með gjaldskrá** telur FST nauðsynlegt að leggja kvöð um réttláta og sanngjarna verðlagningu og kvöð um kostnaðarviðmiðaða gjaldskrá varðandi aðstöðuleigu og aðgang að tengdri aðstöðu í umræddum sveitarfélögum á Mílu á umræddum svæðum á viðkomandi markaði. Telur FST kvaðirnar réttlætanlegar, gagnsæjar, rökstuddar, í samræmi við eðli greindra samkeppnisvandamála, sniðnar að því að leysa þau vandamál, í

samræmi við markmið þau sem kvöðunum er ætlað að ná fram, stuðla að fjárfestingu og samkeppni í háhraðanetum og ekki vera umfram meðalhóf.

(95) FST telur Mílu hafa möguleika og hvata til þess að krefjast of hárra verða á þeim svæðum þar sem Míla telst hafa umtalsverðan markaðsstyrk. Það einkennir þessi svæði að lítill eða enginn samkeppnisþrýstingur er til staðar og smásalar og þar með neytendur hafa litla möguleika á að nýta sér sambærilega fjarskiptaþjónustu frá öðrum netrekendum.

(96) Hvað réttláta og sanngjarna verðlagningu varðar, ætti slík kvöð að tryggja að Míla komist ekki upp með ofurverðlagningu á umræddum svæðum, aðgangsbeiðendum og þar með neytendum til tjóns, telur FST nauðsynlegt og réttlætanlegt að beita slíkri kvöð. Með álagningu slíkrar kvaðar hefur Míla mun meira frelsi til verðlagningar en félagið þarf ekki fyrir fram samþykki FST til verðbreytinga. Óvíst er hvort að reyna muni á kvöðina, en það mun aðeins koma til ef kvörtun berst um of háa verðlagningu eða við sérstakar aðstæður að frumkvæði FST, t.d. ef verð hækka mikið eða þróast verulega umfram almenna verðþróun.

(97) Hvað varðar kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá fyrir aðstöðuleigu og aðgang að rörum og lagnaleiðum telur FST að sú kvöð sé nauðsynleg og réttlætanleg, auk þess sem hún uppfyllir önnur sjónarmið sem fram komu hér að framan við mótun kvaða. Afar mikilvægt er að kvaðir stuðli að fjárfestingu í háhraðanetum og jafnvel innviðasamkeppni þar sem hún telst fjárhagslega hagkvæm. Ef slík kvöð verður ekki lögð á varðandi þessar afurðir Mílu er mikill hvati hjá Míla að verðleggja afurðirnar með þeim hætti að aðgangs- og jafnræðiskvaðir muni ekki skila árangri.

6.2. Mat á nauðsyn niðurfellingu útnefningar Mílu sem fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og aflétting kvaða

(98) Eins og að framan er rakið er það mat FST að Míla sé ekki lengur með umtalsverðan markaðsstyrk á fyrrum markaði 3a í Langanesbyggð í ljósi kaupa Tengis á staðbundnu ljósleiðaraneti í sveitarfélaginu sem hafa dregið úr getu Mílu til þess að haga sér óháð keppinautum, viðskiptavinum og endanotendum. Sama á við um Fjallabyggð og sveitarfélagið Vogar, þar sem þróun ljósleiðara útbreiðslu, aukin útbreiðsla samhliða neta og breytingar á markaðshlutdeild hafa leitt til virkari samkeppni en áður.

(99) Í Langanesbyggð hefur Síminn áfram sterka stöðu á smásölumarkaði, en markaðshlutdeild félagsins hefur farið lækkandi á síðustu árum. Samkvæmt gögnum fyrir 2024 hefur Nova aukið hlutdeild sína og náð 10% markaðshlutdeild, á meðan hlutdeild Símans hefur lækkað úr 96% í 75% frá árinu 2020. Þetta bendir til aukinnar samkeppni á smásölustigi. Í Fjallabyggð hefur Síminn einnig sterka stöðu á smásölumarkaði og hefur haldið stöðu sinni betur en í Langanesbyggð, en samkvæmt gögnum fyrir 2024 var markaðshlutdeild félagsins 83%. Í sveitarfélaginu Vogum bendir markaðspróun til virkari samkeppni en áður, en staða á smásölumarkaði er tiltölulega jöfn. Fimm fyrirtæki starfa á smásölumarkaði í sveitarfélaginu og ekkert þeirra fer með meira en 41% markaðshlutdeild.

(100) Þrátt fyrir að Síminn hafi áfram sterka stöðu á smásölumarkaði í tveimur af þremur ofangreindra sveitarfélögum telur FST að það leiði ekki eitt og sér til þess að Míla teljist hafa umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 3a, þar sem kvaðir munu áfram hvíla á Mílu í umræddum sveitarfélögum á markaði 3b. Í ljósi veikari stöðu Mílu í umræddum

sveitarfélögum á markaði 3a en áframhaldandi sterkri stöðu félagsins á markaði 3b, telur FST að samkeppnin sé varin í umræddum sveitarfélögum með fullnægjandi hætti með kvöðum á Mílu á markaði 3b. Við mat á umtalsverðum markaðsstyrk vegur einnig þyngra að tilkoma nýs eiganda að ljósleiðaraneti og aukin útbreiðsla samkeppnisaðila eru til þess fallin að breyta samkeppnisaðstæðum á heildsölustigi og draga úr getu Mílu til að haga sér að verulegu leyti óháð keppinautum, viðskiptavinum og endanotendum. Þá hafa eignatengsl milli Mílu og Símans rofnað, þótt tiltekin viðskiptatengsl séu enn til staðar. Smásölustaða Síminn breytir því ekki þeirri niðurstöðu að forsendur fyrir að viðhalda kvöðum á Míla séu ekki lengur fyrir hendi.

(101) Af öllu framangreindu leiðir að kvaðir á Mílu verða felldar brott í Langanesbyggð, Fjallabyggð og sveitarfélaginu Vogum á fyrrum markaði 3a.

7. Gildistaka og niðurfelling á kvöðum á Mílu á markaði 3a

(102) Kvaðir þær sem áformað er að leggja á Mílu í Eyja- og Miklaholtshreppi og í Vestmannaeyjum skulu taka gildi 15 dögum eftir birtingu lokaákvörðunar í málinu.

(103) Í ljósi þess sem fram kemur hér að framan telur FST ekki lengur vera forsendur fyrir því að viðhalda kvöðum á Mílu í eftirfarandi sveitarfélögum og verða kvaðir þær sem hvílt hafa á Mílu á fyrrum markaði 3a því felldar brott 6 mánuðum eftir birtingu lokaákvörðunar í málinu í neðangreindum sveitarfélögum:

- Fjallabyggð
- Langanesbyggð
- Sveitarfélagið Vogar

Ákvörðunarorð

1. Á markaði 1 (áður markaður 3a) útnefnið Fjarskiptastofa Mílu með umtalsverðan markaðsstyrk á grundvelli 45. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti, samanber 17. gr. reglugerðar um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta nr. 556/2023, í sveitarfélögunum Vestmannaeyjabæ og Eyja- og Miklaholtshreppi.
2. Fjarskiptastofa leggur eftirfarandi kvaðir á Mílu í ofangreindum tveimur sveitarfélögum, með vísan til 46.-52. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022, að teknu tilliti til nánari lýsinga í ákvörðun þessari og viðauka I með henni, sbr. ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 5/2024 og viðaukum með henni.
 - a. Kvöð um að veita aðgang. Míla skal verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um staðaraðgang á heildsölustigi, að kopar- og ljósleiðaranetum sínum, hvort sem um er að ræða fullan eða skiptan aðgang. Enn fremur skal veita aðgang að tengdri aðstöðu og þjónustu. Lögð er sú kvöð á Mílu að veita skiptan aðgang að PON ljósleiðaraheimtaugum, komi fram málefnaleg, sanngjörn og eðlileg aðgangsbeiðni þar um. Þar sem ekki er mögulegt að veita aðgang að efnislegri heimtaug getur Míla þó kosið að veita sýndarnetsaðgang eða fullnægjandi bitastraumsaðgang samkvæmt aðgangssleið 1. Míla skal þó áfram veita aðgang að ljósleiðaraheimtaugum félagsins sem byggðar hafa verið með opinberum styrkjum. Óski fjarskiptafyrirtæki eftir að fá að setja nýjan streng í rör og lagnaleiðir Mílu á þeim markaði sem hér er til umfjöllunar, sem ekki eru fullnýttar, skal Míla verða við þeirri beiðni, að því gefnu að hún sé eðlileg og sanngjörn. Komi fram málefnaleg beiðni um það frá áhugasömum netrekenda, sem telst eðlileg og sanngjörn, skal Míla útbúa gagnagrunn sem hefur að geyma nákvæmar upplýsingar um legu og ástand röra og lagnaleiða félagsins. Ofangreindur gagnagrunnur skal liggja fyrir eigi síðar en 3 mánuðum eftir að sanngjörn og málefnaleg beiðni hefur komið fram frá netrekenda varðandi slíkan aðgang á tilteknu svæði eða tilteknum svæðum. Míla skal birta lista yfir fyrirhugaðar jarðvegs- og lagnaframkvæmdir með 3 mánaða fyrirvara á þeim svæðum sem félagið telst vera með umtalsverðan markaðsstyrk.
 - b. Kvöð um jafnræði. Míla skal gæta jafnræðis gagnvart öllum fjarskiptafyrirtækjum sem kaupa staðaraðgang með fastlínu, hvort sem um er að ræða kopar- eða ljósleiðaranet. Kvöðin skal enn fremur gilda varðandi aðgang að rörum og lagnaleiðum, aðstöðuleigu og auglýsingar um ljósleiðaraútbreiðslu. Aðfangajafnræði (Eol) skal vera til staðar, sem og jafnt aðgengi að upplýsingum og jafnir möguleikar til að hafa áhrif á þróun heildsöluvara. Mílu er skylt að gera gæðaviðmiðunar-samninga (SLA) við alla aðgangskaupendur og gefa út yfirlýsingu um gæðatryggingu (SLG). Míla skal safna saman og birta mánaðarlega tiltekna lykil frammistöðupætti (KPI).
 - c. Kvöð um eftirlit með gjaldskrá. Kvöð um réttláta og sanngjarna verðlagningu er lögð á Mílu varðandi heimtaugaleigu Mílu á kopar- og ljósleiðaranetum félagsins í Eyja- og Miklaholtshreppi og Vestmannaeyjabæ. Kvöð um kostnaðarviðmiðaða gjaldskrá varðandi aðstöðuleigu og aðgang að tengdri aðstöðu er lögð á Mílu í þessum sveitarfélögum. Lögð er á Mílu kvöð um eftirlit með gjaldskrá varðandi aðgang að rörum og lagnaleiðum Mílu.

3. Ofangreindar kvaðir skulu taka gildi 15 dögum eftir dagsetningu ákvörðunar þessarar.
4. Míla telst ekki lengur vera með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 1 (áður markaður 3a) í sveitarfélögunum Fjallabyggð, Langanesbyggð og Sveitarfélaginu Vogum. Verða þær kvaðir sem hvílt hafa á Mílu í framangreindum sveitarfélögum á umræddum markaði því felldar brott 6 mánuðum eftir birtingu ákvörðunar þessarar.
5. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 20. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. sömu laga um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Reykjavík, 23. júní 2026

f.h. forstjóra, Björn Geirsson

Kristjana Torfadóttir

Fylgiskjöl

Viðauki I-Niðurstöður úr samráði um endurskoðun á kvöðum

96024 - Comments No Comments letter - ISL - Market 3a 2016 - Amendment of market analysis and remedies (1610720)